

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3097  
komudagur 3.9.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 31.08.2010

við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

0911001SA TP  
Málalykill: 401

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um samvinnuráð um þjóðarsátt – 663. mál

Vísað er til ofangreinds þingmáls, sem er til umfjöllunar hjá efnahags- og skattanefnd Alþingis.


Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga var kvaddur á fund nefndarinnar þann 27. ágúst sl. Fram kom af hans hálfu að málið hefði ekki fengið formlega umfjöllun á vettvangi sambandsins m.a. vegna anna við önnur krefjandi verkefni.

Sambandið hefur við ýmis tilefni lýst stuðningi við aðgerðir sem miða að því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Sambandið er m.a. aðili að stöðuleikasáttmála aðila vinnumarkaðarins og hefur lagt á það mikla áherslu í öllu samráði við stjórnvöld ríkisins að verðlagi sé haldið stöðugu og stuðlað að jákvæðri gengisþróun fyrir heimilin í landinu.

Sveitarfélögin deila kjörum í afar ríkum mæli með heimilunum í landinu. Það er forsenda fyrir því að gera megi langtímaáætlanir um opinber útgjöld að stöðugleiki og festa náist í rekstri sveitarfélaganna. Þá er þróun sveitarstjórnarstígsins þjóðhagslega mjög mikilvæg og engin ástæða til annars en að vísa sameiginlega til rekstrar ríkisins og sveitarfélaganna þegar rætt er um langtímaáætlanagerð, sbr. 8. og 9. lið þingsályktunartillögunnar.

Sambandið tekur að öðru leyti ekki afstöðu til efnis tillögunnar að svo stöddu, en lýsir sig reiðubúið til viðræðna við stjórnvöld, stjórnmalaflokka, aðila vinnumarkaðarins og félagasamtök um alla þætti málsins.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri